

**152. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
27. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2004166 - Endurnýjun búningasklefa á Jaðarsbökkum**

*Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss og Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri kynntu breytingar á búningasklefum á Jaðarsbökkum. Skipulags- og umhverfissráð leggur til að tillögur verði einnig kynntar í skóla- og frístundaráði. Horft skal til þess að tillögur verði í samræmi við frekari stækkun sundlaugarsvæðis í framtíðinni.*

*Alfreð og Karl véku af fundi eftir þennan dagskrárlíð.*

**2. 1912062 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020-2023**

*Lögð fram drög að tillögum vegna flýtiframkvæmda vegna Covid-19. Skipulags- og umhverfissráð leggur til að ofagnreind drög verði lögð fram í bæjarráði til frekari vinnslu.*

**3. 2003241 - Suðurgata 126 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um að breyta notkun efri hæðar. Notkun breytt úr íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði fyrir sjúkrahjálfun.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum Suðurgötu 124, Skagabraut 24 og Jaðarsbraut 3.*

**4. 1904033 - Aðalskipulag Tjaldsvæði - við Kalmansvík**

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 2. mars til og með 15. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.*

**5. 1904037 - Deiliskipulag Tjaldsvæði við Kalmansvík**

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 2. mars til og með 15. apríl 2020. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði samþykkt og sent Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**6. 2003253 - Vesturgata 83 - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um að rífa bílgeymslu á lóðinni mhl. 02, stærð skúrsins er 25,2 m<sup>2</sup>. Jafnframt er sótt um að byggja nýja bílgeymslu sem stæði á sama stað stærð 9,5 x 5,8 eða 55,1 m<sup>2</sup>. Samkvæmt deiliskipulagi Krókatún - Vesturgata er heimilt að

RS

byggja bílgeymslu 8 x 8,5 eða 44 m<sup>2</sup>.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið. Erindið verður tekið fyrir að nýju þegar liggja fyrir fullgild gögn til grenndarkynningar.

**7. 2004155 - Deiliskipulag Stofnanareits - Kirkjubraut 39 breyting**

Sótt er um að breyta deiliskipulagi Stofnanareits vegna lóðarinnar við Kirkjubraut 39. Breytingin felst í að fyrirhugað hús verði nýtt undir verslun og þjónustu á 1. hæð og íbúðir á 2. 3. og 4. hæð. Gert er ráð fyrir allt að 25 íbúðum í húsinu.

Lagt fram til kynningar.

**8. 2004169 - Aðalskipulag- og deiliskipulag v. Skógarhverfis áf. 3, og 3C - skipulagslýsing.**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.

Reynar Sæmundsson

Gertur Jóhanna Jóhannsdóttir

Ólafur

Sig. P. H.

Sam fer &  
Stafelis Sigurpósdóttir.